

1978 nr. 9 5. maí**Lög um geymslufé**

Tóku gildi 18. maí 1978. Breytt með L. 57/1993 (tóku gildi 1. júlí 1993).

■ **1. gr.** [Hver sá, sem inná á af hendi peningagreiðslu en fær ekki greitt kröfueiganda vegna aðstæðna eða atvika sem kröfueigandi ber ábyrgð á, getur fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að greiða skuldina á geysmlureikning í viðskiptabanka eða sparisjóði.]¹⁾

¹⁾ L. 57/1993, 1. gr.

■ **2. gr.** Við greiðslu á geysmlureikning skal greiðandi greina ástæður til þess, að þessi greiðsluháttur sé nauðsynlegur, gefa upplýsingar um kröfuna, sem greiða á, og nafn, nafnnúmer og heimilisfang eiganda ef unnt er.

□ Greiði banki röngum aðila geysmlufé vegna rangra eða ófullnægjandi upplýsinga, telst greiðandi ekki hafa uppfyllt greiðsluskyldu sína.

□ Greiðandi skal án ástæðulauss dráttar tilkynna kröfueiganda um greiðslu á geysmlureikning, ef það er unnt. Vanræki greiðandi þessa tilkynningarskyldu sína, ber hann ábyrgð á tjóni, sem af því kann að leiða fyrir kröfueiganda.

■ **3. gr.** Geysmlufé greiðist þeim aðila, sem sannar rétt sinn

til þess.

■ **4. gr.** Sá, sem greitt hefur inn á geysmlureikning, getur ekki fengið geysmluféð endurgreitt, nema hann annaðhvort sé orðinn kröfueigandi og sanni rétt sinn til geysmlufjárins samkvæmt ákvæðum 3. gr., eða samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 5. gr.

□ Geri greiðandi víðtækari fyrirvara um endurgreiðslu geysmlufjár sér til handa, gilda ákvæði laga þessara ekki um þá greiðslu.

■ **5. gr.** Réttur kröfueiganda til geysmlufjár fyrnist á 20 ár-um frá innborgunardegi að telja. Áður en fyrningartími er liðinn, skal innlánsstofnun sú, sem varðveitir geysmluféð, tilkynna kröfueiganda og greiðanda um geysmluféð, sé þess kostur.

□ Greiðandi getur krafist endurgreiðslu geysmlufjár í eitt ár eftir að liðinn er sá tími, sem um ræðir í 1. mgr.

□ Þegar frestir skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru liðnir, án greiðslu geysmlufjárins til aðila, rennur það til ríkissjóðs.

■ **6. gr.** Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um geysmlufé og meðferð geysmlureikninga.

■ **7. gr.** Sérreglur um geysmlufé í öðrum lögum skulu halda gildi sínu.